

Nr. 23.
20.
október.

Lög
um

breyting á opnu brjefi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ákvæði það í opnu brjefi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, nje önnur op á veggjum, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sje að minnsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnagafi, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sjerstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru.

Eldvarnagafi er hjer talinn veggur úr (tigul-)steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið á herra húsinu, og sje ei minna en 7—8 þumlunga þykkur.

2. gr.

Pað skal hjer eptir bannað, að gjöra hús eða bæi af torfi.

3. gr.

Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra nefndarmanna samþykjkja það, að banna þvílikan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar álti lýtir eða óþýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að mali, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á malið.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og aður en byrjað er á hússmiðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í tje uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Nr. 23.
20.
Oktober.**Lov**

om

Forandring i Plakat af 26de Januar 1866 angaaende en Bygningskommission i Isafjord.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Den Bestemmelse i Plakat af 26de Januar 1866 angaaende Oprettelsen af en Bygningskommission i Købstaden Isafjord, at der altid bør være et frit Rum af 10 ALEN mellem Nabohuse, ophæves. Paa Stenbygninger maa der dog i de mod anden Mands Grund vendende Mure ikke anbringes vinduer, Døre eller andre Aabninger, medmindre Muren er fjernet mindst 5 ALEN fra Skellet til Nabogrunden, og for saa vidt angaaer Træbygninger, skal hver enkelt Bygning være adskilt fra Nabobygningen ved en Brandgavl, naar Afstanden imellem dem er mindre end 10 ALEN, forudsat af Bygningskommissionen ikke af særlige Hensyn finder Betenknelighed ved at Bygningerne staa hinanden saa nær.

Ved Brandgavl forstaas her en Mur af (Mur-) Sten af mindst een Stens Tykkelse, hvori der ikke er nogen Aabning, og som rækker mindst 6 Tommer op over Taget af det højeste af Husene, samt har en Tykkelse af mindst 7—8 Tommer.

§ 2.

Opførelse af nye Bygninger af Græstørv er herefter forbudt.

§ 3.

Bygningskommissionen bemyndiges til, naar $\frac{2}{3}$ af dens samtlige Medlemmer stemmer derfor, at tage Beslutning om at forbyde saadan ydre Udstyrelse af Bygninger og Indhegninger, ved hvilken Byens Udseende efter Kommissionens Skøn vilde lide eller vansires, samt at paalægge den, der maatte handle herimod, at raade Bod paa det i saa Henseende mangelfulde. En saadan Beslutning kan af vedkommende indankes til Ministeriet til endelig Afgørelse.

§ 4.

Enhver, der opfører en ny eller gør væsentlige Forandringer ved en ældre Bygning, er pligtig paa Forlangende, forinden Opførelsen eller Ombygningen paa begyndes, at tilstille Bygningskommissionen Plan over Bygningen, der tydelig fremstiller sammes Indretning.

Hvorefte alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.

Nr. 23. Lov 20. Oktober om Forandring i Plakat af 26. Januar 1866 angaaende en Bygningskommission i Isafjord.